



167. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSÍ, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 22. október 2009 og hófst kl. 16:15.

Mættir: Ólafur Rafnsson forseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Helga Steinunn Guðmundsdóttir ritari, Helga H. Magnúsdóttir, Friðrik Einarsson, Önr Andrésson, Sigríður Jónsdóttir, Hafsteinn Pálsson, Jón Gestur Viggósson, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir 1. varamaður, Þorgrímur Þráinsson 2. varamaður og Gústaf A. Hjaltason 3. varamaður, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Forföll boðuðu: Lárus Blöndal varaforseti og Helgi Sigurðsson.

Forseti setti fund og stjórnaði honum. Hann gaf Hafsteini Pálssyni formanni Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ orðið, utan dagskrár.

Hafsteinn afhenti Gunnari Bragasyni og Jóni Gesti Viggóssyni plátínumerki Lífshlaupsins. Til þess að ná plátínumerki þarf að skrá a.m.k. 30 mínútna hreyfingu í 365 daga.

1. Ólympísk verkefni

- *Vancouver*

Framkvæmdastjóri skýrði frá því að hún og Andri Stefánsson sviðsstjóri Afrekssviðs ÍSÍ muni sækja forskráningarfund í Frankfurt 29. nóvember nk.

Friðrik skýrði stöðu mála varðandi keppendur. Kyndilhlaupið með Ólympíueldinn er hafið.

- *YOG*

Friðrik skýrði frá því að haldinn hafi verið fundur með 6 sérsamböndum sem hafa kost á að senda ungmenni á leikana. Á fundinum var farið yfir möguleika á þátttöku en mismunandi leiðir eru fyrir hverja íþrótt að tryggja sér þátttöku á leikana. Sérsamböndin hyggjast vinna saman með þau ungmenni sem fara, bæði vegna þess að kvóti fylgdarmanna er mjög takmarkaður og einnig svo þau upplifi sig sem hluta af heild.

Norðurlöndin eru að skoða samstarf sín á milli vegna leikana.

Framkvæmdastjóri skýrði frá því að Afrekssvið hafi staðið svokölluðum „vitamíndögum“ með styrktarþegum Sjóðs ungra og efnilegra, en það er liður í fræðslu á ýmsum sviðum og hefur tekist afar vel.

- *London*

Framkvæmdastjóri skýrði frá því að áhugi hafi nú aftur vaknað fyrir samstarfi á milli Norðurlandanna í London, líkt og í Peking, með sameiginlegu hóteli fyrir gesti og skrifstofur.

2. Ólympíuþing IOC

Forseti og framkvæmdastjóri sóttu þingið sem haldið var í Kaupmannahöfn 3.-6. október sl. Rio de Janeiro var valin gestgjafi fyrir Ólympíuleikana 2016. Mörg góð erindi voru flutt á þinginu og er allt efni frá ráðstefnunni á heimasíðu IOC.

Skrifleg skýrsla mun verða lögð fram síðar.

3. Fjárlagafrumvarp 2010

Framkvæmdastjóri hefur gert samantekt á fjárframlögum ríkisins fyrir árið 2010.

Ýmsar skerðingar eru þar til íþróttamála.

Búið er að funda með mennta- og menningarmálaráðherra og koma á framfæri athugasemdum. Mesta skerðingin er varðandi ólympísk verkefni en þau hafa verið sem tímabundin framlög og voru felld alveg út við fjárlagagerðina. Ráðherra var sammála því að framlög til ólympískra verkefna ætti að vera sem sér fjárlagaliður á fjárlögum. Beðið er eftir fundi með Fjárlaganefnd Alþingis.

4. Formannafundur ÍSÍ

Fyrirhugað er að halda fund með héraðssamböndum/íþróttabandalögum vegna sameiginlegra hagsmunamála og málefna sem samböndin óska eftir að verði tekin fyrir, sama dag og Formannafundurinn verður haldinn, ef þátttaka næst.

5. Íþróttamaður ársins 2009

Fyrirhugað er að hof Íþróttamanns ársins verði haldið 30. desember nk. á Grand Hótel Reykjavík. Rætt um möguleika á því að fjölga boðsgestum.

6. Heiðranir

Samþykkt að heiðra eftirtalda aðila vegna starfa þeirra fyrir íþróttahreyfinguna: Keflavík íþrótt- og ungmennafélag:

- *Einar Haraldsson, Keflavík – Gullmerki*
- *Kári Gunnlaugsson, Keflavík – Gullmerki*
- *Jónas Þorsteinsson, Keflavík – Silfurmerki*
- *Birgir Ingibergsson, Keflavík – Silfurmerki*

Badmintonfélag Hafnarfjarðar/Golfsamband Íslands:

- *Hörður Þorsteinsson, BH/GSÍ – Gullmerki*

Ofangreindar heiðursveitingar hafa nú þegar farið fram.

7. Fundargerðir:

Eftirtaldar fundargerðir lagðar fram og staðfestar:

- *166. fundur framkvæmdastjórnar*
- *Framkvæmdaráðs frá 1.október 2009 og 22. október 2009*
- *Afrekssviðs frá 19.október 2009*
- *Fræðsluviðs frá 8.10.2009*
- *Nefndar um íþróttir eldri borgara frá 2. október 2009*
- *Kvennahlaupsnefndar frá 12.október 2009*
- *Heilbrigðisráðs ÍSÍ frá 12. maí 2009*
- *Heiðursráðs frá 19. október 2009*
- *Skýrsla aðalfararstjóra frá Ólympíuleikunum í Peking*

8. Viðburðir framundan

Fram að næsta fundi:

- *EM í sundi fatlaðra 15.-24. október 2009*
- *12. ENGSO Forum í Oeiras/Cascais, 29. -30. október 2009*
- *Vinnuhópur með Æskulýðsráði til stefnumótunar 4. nóvember*
- *Uppskeruhátíð Landssambands hestamannafélaga, 7. nóvember*

Til lengri tíma litið:

- *Formannafundur ÍSÍ 20. nóvember 2009*
- *Aðalfundur EOC í Lissabon, 27.-28.nóvember*
- *Vetrarólympíuleikar í Vancouver, 12.-27.febrúar 2010*
- *Ólympíumót fatlaðra í Vancouver, 12.-21.mars 2010*
- *Ólympíuleikar ungmenna í Singapore, 15.-25.ágúst 2010*
- *Vetrarólympíuhátíð Evrópuæskunnar í Liberec, 12.-19.febrúar 2011*
- *Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar í Trabzon, 24.-29.júlí 2011*

- *Smáþjóðaleikar í Liechtenstein, 30.maí - 4.júní 2011*
- *Ólympíuleikar í London 27.júlí - 12.ágúst 2012*

9. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Fyrirhugað er að halda næstu fundi framkvæmdastjórnar 19. nóvember og 17. desember.

10. Önnur mál

Sambandsþing UMFÍ

Gjaldkeri sótti Sambandsþing UMFÍ sem haldið var í Reykjanesbæ, í forföllum forseta og framkvæmdastjóra. Nokkrar breytingar urðu í stjórn sambandsins. Helga Guðjónsdóttir var endurkjörin sem formaður UMFÍ.

Samstarf við Vinnumálastofnun

Forseti og framkvæmdastjóri skýrðu frá fundi þeirra með forsvarsmönnum Vinnumálastofnunar þar sem rætt var um samstarf vegna sjálfbóðaliðaverkefnis. Fyrirhugað er að Vinnumálastofnun greiði laun verkefnisstjóra í sex mánuði til að vinna að verkefninu.

Ritnefnd ÍSÍ

Gengið hefur verið frá samningi við Steinar J. Lúðvíksson rithöfund um ritstýringu á afmælisriti vegna 100 afmælis ÍSÍ 2012.

Fyrirmyndarfélög

Badmintonfélag Hafnarfjarðar fékk afhenta viðurkenningu sem Fyrirmyndarfélag ÍSÍ á 50 ára afmæli félagsins. Formaður Fræðslusviðs ÍSÍ afhenti viðurkenninguna.

Fleira ekki gert og fundi slitið.
Halla Kjartansdóttir fundarritari